

154. löggjafarþing 2023–2024.
Þingskjal x — x. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um lax og silungsveiði og lögum um Hafrannsóknastofnun,
rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna
(framkvæmd stjórnarsýslu og eftirlits).

Frá matvælaráðherra.

I. KAFLI

Breyting á lögum um lax og silungsveiði, nr. 61/2006.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

1. mgr. orðast svo: Framkvæmd stjórnarsýslu og eftirlits samkvæmt lögum þessum skal vera hjá Fiskistofu.
- Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Stjórnarsýsla og eftirlit*.

II. KAFLI

Breyting á lögum um Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, nr. 112/2015.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í matvælaráðuneytinu. Með því eru lagðar til tilteknar breytingar á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, og lögum um Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, nr. 112/2015. Með frumvarpinu er lagt til að fell brott ákvæði í 4. gr. laga nr. 61/2006 um að framkvæmd stjórnarsýslu og eftirlits samkvæmt lögunum skuli vera á sérstöku sviði Fiskistofu sem nefnist sérstakt lax- og silungsveiðisvið og að fiskistofustjóri skuli ráða sviðsstjóra til að stýra því sviði. Einnig er áformað að fella brott úr 3. gr. laga nr. 112/2015 ákvæði um að forstjóri Hafrannsóknastofnunar skuli hafa háskólamenntun á verkefnasviði stofnunarinnar.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Með lögum nr. 81/2008 var gerð breyting á 4. gr. laga nr. 61/2006, á þann veg að þar var kveðið á um að stjórnýsla veiðimála á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar og annarra laga sem varða ferskvatnsfiska skuli vera á sérstöku sviði Fiskistofu sem nefnist lax- og silungsveiðisvið og að það skuli einnig hafa eftirlit með því að framfylgt sé ákvæðum laga á því sviði. Er þannig gert ráð fyrir að þetta svið annist alla stjórnýslu á sviði veiðimála samkvæmt lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði nema á annan veg sé mælt í lögum. Þá er þar gert ráð fyrir að fiskistofustjóri ráði sérstakan sviðsstjóra til að stýra því sviði. Skal hann hafa háskólapróf sem nýtist honum í starfi og heyra undir fiskistofustjóra.

Ekki þykir ástæða til að binda þetta svið og heiti stjórnanda þess í lögum frekar en gildir um önnur svið Fiskistofu heldur þykir rétt að fiskistofustjóri sem stýrir stofnuninni ákveði hvaða svið skuli vera hjá stofnuninni og hvernig þeim skuli stýrt, hver skuli vera heiti stjórnenda þeirra og hvaða verkefni þau fara með.

Með vísan til framanritaðs er lagt til að fyrirsögn ákvæðisins breytist og verði Stjórnýsla og eftirlit. Einnig er lagt til að ákvæði 1. mgr. 4. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði breytist og verði svohljóðandi: „Framkvæmd stjórnýslu og eftirlits samkvæmt lögum þessum skal vera hjá Fiskistofu“ og að 2. og 3. másl. ákvæðisins falli brott.

Með lögum nr. 112/2015, voru sett ný lög um starfsemi Hafrannsóknastofnunar, sem starfaði samkvæmt lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og Veiðimálastofnunar, sem starfaði samkvæmt lögum nr. 59/2006, um Veiðimálastofnun, þegar þessar tvær stofnanir voru sameinaðar í eina stofnun, Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna.

Í 3. gr. laga nr. 112/2015 kemur fram að ráðherra skipar forstjóra Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun á verkefnasviði stofnunarinnar.

Ekki þykir ástæða til að lögbinda að forstjóri skuli hafa háskólamenntun á verkefnasviði stofnunarinnar heldur þykir rétt að hafa ákvæðið á þann veg að einnig sé heimilt að skipa forstjóra með aðra menntun sem nýtist í starfi.

Er það í samræmi við stjórnendastefnu ríkisins eins og hún er sett fram á vefsíðu fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

3. Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði eftirfarandi lagabreytingar:

Í fyrsta lagi er lagt til að breytt verði ákvæði í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, á þann veg að ekki verði lengur lögbundið að framkvæmd stjórnýslu og eftirlits samkvæmt lögum og öðrum lögum á sviði ferskvatnsmála skuli vera á sérstöku sviði hjá Fiskistofu sem nefnist lax- og silungsveiðisvið. Einnig að fella brott ákvæði um að fiskistofustjóri skuli ráða sviðsstjóra til að stýra því sviði, að hann skuli hafa háskólapróf sem nýtist honum í starfi og heyra undir fiskistofustjóra.

Þess í stað verði lögfest ákvæði í 1. mgr. 4. gr. laganna um að framkvæmd stjórnýslu og eftirlits skuli vera hjá Fiskistofu. Einnig verður gert ráð fyrir að fiskistofustjóri sem stýrir stofnuninni, sbr. 3. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, ákveði hvaða svið skuli vera hjá stofnuninni og hvernig þeim skuli stýrt, hver skuli vera heiti stjórnenda þeirra og hvaða verkefni þau fara með. Þannig mun fiskistofustjóri ákveða undir hvaða svið stofnunarinnar stjórnýsla og framkvæmd eftirlits á sviði ferskvatnsmála skuli falla.

Í öðru lagi er lagt til að breyta ákvæði 3. gr. laga nr. 112/2015, um Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, á þann veg að fella brott ákvæði 2. másl. 1.

mgr. 3. gr. um að forstjóri Hafrannsóknastofnunar skuli hafa háskólamenntun á verkefnasviði stofnunarinnar. Ekki þykir ástæða til að lögbinda að forstjóri skuli hafa háskólamenntun á verkefnasviði stofnunarinnar heldur þykir rétt að hafa ákvæðið á þann veg að einnig sé heimilt að skipa forstjóra með aðra menntun sem nýtist í starfi.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið var ekki talið gefa tilefni til sérstakrar skoðunar á samræmi við stjórnarskrá. Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins hafi áhrif á alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

5. Samráð.

Við gerð frumvarpsins var haft samráð við Fiskistofu og Hafrannsóknastofnun. Einnig hafa áform um lagasetninguna áður verið kynnt í samráðsgátt (mál nr. S-262/2023). Umsagnir um áform um lagasetninguna bárust frá einum aðila, Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, þar sem komu fram ábendingar um tiltekin formsatriði í mati á áhrifum lagasetningar. Engar efnislegar athugasemdir voru gerðar við áformaskjölin.

6. Mat á áhrifum.

Frumvarpið hefur áhrif á Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun, veiðifélög, veiðiréttarhafa, einstaklinga og lögaðila sem stunda veiðar á grundvelli þessara laga.

Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda er að breyta lögum um starfsemi Fiskistofu þannig að skipulag stofnunarinnar sé meira á hennar eigin forræði og að fiskistofustjóri geti sjálfur ákveðið skipulag stofnunarinnar og hagað því á sem árangursríkastan hátt varðandi skiptingu og umfang verkefna. Einnig er með frumvarpinu stefnt að því að starfgengisskiyrði forstjóra Hafrannsóknastofnunar verði með svipuðum hætti og gildir um aðra forstöðumenn ríkis og stofnana þess og í samræmi við stjórnendastefnu ríkisins sem birt er á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Samþykkt frumvarpsins hefur áhrif á störf og verkefni Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunar. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er hins vegar ekki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á tekjur ríkissjóðs þar sem engin gjaldtökuákvæði eru í frumvarpinu. Engar breytingar verða á tekjum eða gjöldum ríkissjóðs verði frumvarpið að lögum. Forstjóri Hafrannsóknastofnunar er skipaður til fimm ára frá og með árinu 2021 og taka umræddar breytingar því ekki gildi fyrr en skipunartíma hans lýkur og embættið verður auglýst að nýju.

Þá er ekki gert ráð fyrir að kostnaður Fiskistofu eða Hafrannsóknastofnunar aukist við lögfestingu frumvarpsins en framkvæmd þess ákvæðis sem lagt er til að verði lögfest fellur að öðrum verkefnum stofnananna. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er hvorki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á útgjaldaramma þessa málaflokks matvælaráðuneytisins í fimm ára fjármála-áætlun né í fjárlögum.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með lögum nr. 81/2008 var gerð breyting á 4. gr. laga nr. 61/2006, á þann veg að þar var kveðið á um að stjórnsýsla veiðimála á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar og annarra laga sem varða ferskvatnsfiska skuli vera á sérstöku sviði Fiskistofu sem nefnist lax- og silungsveiðisvið og að það skuli einnig hafa eftirlit með því að framfylgt sé ákvæðum laga á því sviði. Er þannig gert ráð fyrir að þetta svið annist alla stjórnsýslu á sviði veiðimála samkvæmt lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði nema á annan veg sé mælt í lögum. Þá

er þar gert ráð fyrir að fiskistofustjóri ráði sérstakan sviðsstjóra yfir lax- og silungsveiðisviðið sem skal hafa háskólapróf sem nýtist honum í starfi og heyra undir fiskistofustjóra.

Ekki þykir ástæða til að binda þetta svið og heiti stjórnanda þess í lögum frekar en gildir um önnur svið Fiskistofu heldur þykir rétt að fiskistofustjóri sem stýrir stofnuninni ákveði hvaða svið skuli vera hjá stofnuninni og hvernig þeim skuli stýrt, hver skuli vera heiti stjórnenda þeirra og hvaða verkefni þau fara með.

Með vísan til framanritaðs er lagt til að fyrirsögn ákvæðisins breytist og verði Stjórnsýsla og eftirlit. Einnig er lagt til að ákvæði 1. mgr. 4. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði breytist og verði svohljóðandi: „Framkvæmd stjórnsýslu og eftirlits samkvæmt lögum þessum skal vera hjá Fiskistofu“ og að 2. og 3. másl. ákvæðisins falli brott.

Um 2. gr.

Með lögum nr. 112/2015, voru sett ný lög um starfsemi Hafrannsóknastofnunar, sem starfaði samkvæmt lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og Veiðimálastofnunar, nr. 64/1965, sem starfaði samkvæmt lögum um Veiðimálastofnun, nr. 59/2006, þegar þessar tvær stofnanir voru sameinaðar í eina stofnun, Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna.

Í 3. gr. laga nr. 112/2015 er ákvæði um að ráðherra skipi forstjóra Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun á verkefnasviði stofnunarinnar.

Ekki þykir ástæða til að lögbinda að forstjóri skuli hafa háskólamenntun á sviði stofnunarinnar heldur þykir rétt að hafa ákvæðið á þann veg að einnig sé heimilt að skipa forstjóra með aðra menntun sem nýtist í starfi.

Er það í samræmi við stjórnendastefnu ríkisins eins og hún er sett fram á vefsíðu fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.